



2. Fundur stjórnar – 24. maí 2023

Haldinn á skrifstofu félagsins, Stórhöfða 29, kl. 20:00.

Auk formanns, Jónu Fanneyjar Friðriksdóttur (JFF) sátu fundinn: Guðný Margrét Emilsdóttir (GME), Halldór Kolbeins (HK, varam. tengdur fjárfundabúnaði), Hallfríður Þórarinsdóttir (HB, varam., tengd fjárfundabúnaði), Jóhanna Magnúsdóttir (JM, varam. tengd fjárfundabúnaði), Leifur Björnsson (LB), Sigurður Albert Ármannsson (SAÁ, varam.) og Snorri Steinn Sigurðsson (SSS). Dóra Magnúsdóttir, ritari hafði boðað forföll.

Formaður setti fund kl. 20:12.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. Menntamál leiðsögumanna. Kynning á vinnu starfshóps Menntamálastofnunar (MMS).

SAÁ og GM greina frá þeirri vinnu MMS starfshóps, s.s. markmiðum og tímaramma.

Kynning: Starfshópur á vegum MMS, í umboði ráðherra menntamála, hefur gert drög að *starfslýsingu leiðsögumanna við almenna leiðsögn* og taka þær hæfnikröfur mið af Evrópustaðlinum ÍST EN 15565:2008. Starfshópurinn skipa f.h. Leiðsagnar SAÁ og GME og kynntu þau vinnu hópsins fyrir stjórn. Í starfshóp MMS eiga, auk fulltrúa Leiðsagnar, fulltrúar frá SAF, Hæfnisetri ferðapjónustunnar, Leiðsöguskóla Íslands (MK), Framhaldsskóla AusturSkaftafellssýslu og Háskólans á Akureyri. Félagsmönnum Leiðsagnar gefst kostur á að senda umsögn um *drög að starfslýsingu leiðsögumanna* sem starfshópurinn hefur unnið til 30. maí nk.

Markmiðið er að samþykkt starfslýsing verði nýtt sem forsenduskjal við yfirferð námskráa fræðsluaðila og einnig verður hún nýtt við undirbúning raunfærnimats leiðsögumanna.

Þegar ofangreind *starfslýsing leiðsögumanna við almenna leiðsögn* er tilbúin, er þá komið að því að fræðsluaðilar (skólar sem sinna leiðsögunámi) sendi inn námskrár sínar til MMS, í nafni ráðuneytis ferðamála, til staðfestingar. Búast má við að sú vinna geti farið fram nú í haust 2023.

---Kynningu lokið---

Þess ber að geta að tillögur að námsmarkmiðum fræðsluaðila sem samræmast og uppfylla viðmiðanir Evrópustaðals, ÍST EN15565:2008, hafa þegar verið settar fram af öðrum starfshópi, sem einnig starfaði í umboði ráðherra ferðamála (sjá skýrslu þessa starfshóps frá 2021 [HÉR](#)).

Stjórn þakkar fulltrúum Leiðsagnar í starfshópi MMS kynninguna og fagnar því að menntamál leiðsögumanna séu að renna í formlegan farveg skv. Evrópustaðli og að fræðsluaðilum gefist fljótlega kostur á að fá námskrár sínar samþykktar af menntayfirvöldum.

Umræður urðu um menntamál leiðsögumanna.

Formaður lagði fram tillögu í kjölfarið um að stjórn færi í vinnu með að athuga nánar útgáfu félagsskírteina Leiðsagnar, m.t.t. menntunar félagsmanna og að útteiling „skjaldarins“ yrði sett á bið, frá og með dagsetningu þessa stjórnarfundar, 24. maí, 2023 eða þar til fræðsluaðilar fengju námskrár sínar staðfestar af menntayfirvöldum.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Jafnframt samþykkt að ræða nánar útgáfu félagsskírteina 2024 á næsta fundi stjórnar. Formaður tók að sér að ræða við hinar ýmsu stofnanir og stjórnvöld um útgáfu starfsleyfisskírteina fyrir leiðsögumenn af hálfu opinberra aðila.

2. Umræður um komandi kjarasaminga.

Umræða um hvort Leiðsögn leiti stuðnings utan sinna raða, hjá öðrum viðsemjendum SA/SAF m.t.t. þess að ganga etv. í bandalag með öðru stéttarfélagi/-félögum vegna kjarasaminga 2024. Stjórn lítur svo á að upplýsingaöflun hér megi nýtist áfram í frekari skoðun á því hvort Leiðsögn sé betur borgið innan stærra stéttarfélags eður ei, en sú umræða hefur margoft komið upp á meðal félagsmanna.



Tillaga borin upp með að Dóra Magnúsdóttir leiði vinnu starfshóps sem færi í að meta kosti og galla þess að þetta raðir okkar eða að ganga í bandalag með öðrum viðsemjendum SA/SAF vegna þeirrar vinnu sem framundan er í tengslum við kjarasamninga.

Afgreiðsla: Samþykkt.

Frekari útfærslu á ofangreindu er vísað til fundar trúnaðarráðs sem fyrirhugaður er á morgun, 25. maí, kl. 20, með ósk um að aðilar úr trúnaðarráði komi inn í vinnu þessa starfshóps.

3. Drög að starfsreglum er varða fundargerðir og fundarritun stjórnar - lögð fram af formanni*. *Afgreiðslu þessa liðar var frestað á síðasta fundi stjórnar. 13. maí sl.*

Starfsreglur þessar eru hluti af heildarreglum sem stjórn mun setja sér á næstunni og birtar verða á vefsíðu félagsins (sjá einnig hér í lok fundargerðar).

Afgreiðsla: Samþykkt.

4. Skipun stjórnar í fræðslunefnd.

GM, félagskjörinn í fræðslunefnd ásamt Einari Þórðarsyni stakk upp á Lovísu Birgisdóttur sem þriðja aðila í fræðslunefnd, f.h. stjórnar.

Afgreiðsla: Samþykkt.

5. Önnur mál.

a. Bréf frá Eyrúnu Valsdóttur, framkvæmdastjóra ASÍ um skipan fulltrúa í fastanefndir ASÍ. Óskað er eftir tilnefningum Leiðsagnar í fastanefndir ASÍ fyrir 7. júní nk.

Afgreiðsla: Stjórn mun ræða skipan í nefndir ASÍ á næstunni og senda tilnefningar til fulltrúa ASÍ fyrir útgefinn tímafrest.

***Starfsreglur stjórnar er varðar fundargerðir/fundarritun, sbr. liður 3 hér að ofan.**

1. Ritari stjórnar er ábyrgur fyrir að fundargerð sé skráð í samræmi við ákvarðanir fundar.
2. Fundarritari er jafnframt ábyrgur fyrir skjalavörslu fundargerðanna.
3. Tilgangur fundargerða er að skrá niður kjarnann í umfjöllun og ákvörðunum um dagskrárefni, aðallega þó skjalfesta hvaða ákvarðanir eru teknar, hvaða verkefnum er deilt út og hverjir eru ábyrgðaraðilar þeirra verkefna.
4. Leitast skal við að ljúka fundargerð í lok fundar og skal hún lesin upp og samþykkt formlega.
5. Náist ekki að ganga frá fundargerð í lok fundar skal hún send til stjórnarmanna innan sólarhrings og hafa stjórnarmenn þá tvo daga til að gera athugasemdir.
6. Stjórnarmenn sem óska eftir bókun við einstaka dagskrárlið á fundinum, en treysta sér ekki til að ganga frá bókun á staðnum, geta fengið frest í sólarhring frá fundarlokum, til að ganga frá henni, sé þess óskað á stjórnarfundum.

Starfsreglur þessar samþykktar af stjórn 24. maí 2023.



2. stjórnarfundur Leiðsagnar

Fundarritun: JFF í fjarveru ritara.